



María Björk Ingvadóttir,  
framkvæmdastjóri Félagsráðgjafafélags Íslands

# Ávarp ritstjóra *almennra greina*

Tengsl í viðustu merkingu eru rauði þráðurinn í þessu tölublaði. Hér mætast greinar af vettvangi, umfjöllun um starf félagsins og efni byggt á erindum frá Félagsráðgjafafélagi 2026, stefnumótunardegi og starfsdegi. Jafnframt birtast vandaðar ritrýndar greinar og yfirlit yfir nýjar bækur og áhugaverðar ráðstefnur – heildstæð mynd af faginu á hreyfingu.

Hraðar þjóðfélagsbreytingar, aukin flækjustig og tæknivæðing kalla á sterkari tengsl en áður. Í því samhengi verður hlutverk félagsráðgjafa enn mikilvægara – að halda utan um heildarsýn, tengja kerfi og fólk og standa vörð um mannlega vídd þjónustunnar.

Lestrarhegðun er einnig að breytast. Því skiptir máli að tala skýrt til allrar stéttarinnar – bæði í fræðilegri dýpt og aðgengilegri miðlun. Ritrýndar greinar hafa skýran tilgang: að efla þekkingu, gagnrýna hugsun og fag-

lega umræðu. Almennar greinar og efni af vettvangi tryggja á sama tíma að rödd grasrótarinnar heyrst – ekki síður en sérhæfingin og nýjungar í faginu.

Í ár fögnum við tvöföldum tíma- mótum, þetta er 20. árgangur tíma- ritsins og jafnframt höfum við opnað nýtt hljóð- og myndver félagsins í Borgartúni 27. Þar tókum við upp viðtöl við greinahöfunda og gerum tímaritið að lifandi miðli sem nær út fyrir prentaðar síður blaðsins.



Hver grein er tengd áfram með QR-kóða sem leiðir lesandann í viðtal úr hljóðverinu.

Með því tengjum við saman tíma- ritið, hlaðvarp FÍ, heimasíðuna þar sem allar greinar eru aðgengilegar og samfélagsmiðlana Facebook og Insta- gram þar sem birtast stuttar klippur úr

viðtölunum. Þessir miðlar gegna lykil- hlutverki í að efla sýnileika félagsráð- gjafar og skapa stærri vettvang fyrir faglega umræðu, nýjar hugmyndir og kynningu á störfum félagsráðgjafa.

Þetta tölublað er því ekki aðeins safn greina heldur vettvangur tengsla og samtals. Á tímum hraðra breytinga er hlutverk okkar skýrt: að byggja, styrkja og viðhalda tengslum í þágu fólks og samfélags.

Ég vil að lokum færa öllum sem komu að útgáfu blaðsins innilegar þakkir – greinahöfundum, viðmælendum, rit- rýnum, prófarkalesurum og fagfólkinu hjá Prentmeti Odda. Án ykkar yrði þessi heild ekki til.

*Með kveðju,  
María Björk Ingvadóttir,  
framkvæmdastjóri  
Félagsráðgjafafélags Íslands*